

Lög Nemendafélags Kópavogsskóla og Kjarnans

1. Félagið heitir Nemendafélag Kópavogsskóla og Kjarnans
2. Tilgangur félagsins er að efla félagslegan áhuga nemenda, stuðla að félagsstarfi í skólanum og félagsmiðstöðinni Kjarnans og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans.
3. Í upphafi hvers skólaárs skal kjósa nemendaráð sem gegnir jafnframt hlutverki stjórnar nemendafélagsins út skólaárið. Í nemendaráði skulu sitja 14 fulltrúar. Úr 10. bekk koma 6 fulltrúar (fjórir kosnir úr árganginum/bekkjum ásamt tveimur formönnum sem kosnir eru af öllum nemendum í 8., 9. og 10. bekk). Úr 9. bekk koma fjórir fulltrúar og úr 8. bekk koma fjórir fulltrúar. Ávalt skal vera jafnt kynjahlutfall úr öllum árgöngum.
4. Nemendaráð tilnefnir tvo fulltrúa úr sínum hópi til setu í skólaráði, einn úr 9. bekk og einn úr 10. bekk. Skólaráðsfulltrúar sitja í tvö ár.
5. Allir nemendur skólans eru félagar í nemendafélaginu.
6. Nemendaráð er tengiliður nemenda við skólayfirvöld og félagsmiðstöð og hefur yfirumsjón með félagsstarfi við skóla og félagsmiðstöð. Nemendur geta snúið sér til fulltrúa í nemendaráði til að koma málum á framfæri við stjórnendur og/eða skólaráð.
7. Nemendaráð getur stofnsett nefndir til að annast ákveðin verkefni. Nemendaráð tilnefnir formenn nefnda og velur fulltrúa í þær í samráði við formenn.
8. Nemendaráð kemur að jafnaði saman til fundar einu sinni í viku með starfsmanni sem er bæði starfsmaður félagsmiðstöðvar og skólans. Fulltrúar bera upp mál til umfjöllunar. Einfaldur meirihluti nægir til þess að samþykkja mál innan nemendaráðs. Ef lítil munur er í kosningu á málefnum í ráðinu getur nemendaráð skotið einstaka málum til frekari umræðu til samnemenda og/eða stjórnenda.
9. Nemendaráð sinnir setu í ráðum og nefndum sem tilheyra félagsmiðstöð og skóla í víðum skilningi.